# KEPPENDUR

**Kumite kvenna:**

| | |
|---|---|
| Kristjana Sigurðardóttir | Gerplu |
| Kristín Einarsdóttir | |
| Elín Eva Grímsdóttir | Þórshamri |
| Ingibjörg Júlíusdóttir | --- |
| Fanney Ásgeirsdóttir | Stjörnunni |
| Jónína Olesen | KFR |

**Kumite karla -65 kg:**

| | |
|---|---|
| Sölvi Rafnsson | Baldur |
| Ágúst Østerby | Selfoss |
| Gísli Pálsson | Breiðablik |
| Sigþór Markússon | Þórshamri |
| Svanur Þór Eyþórsson | |
| Eyjólfur Gunnarsson | |
| Árni Einarsson | KFR |
| Halldór Svavarsson | |

**-73 kg:**

| | |
|---|---|
| Ásmundur Ísak Jónsson | Þórshamri |
| Karl Sigurjónsson | --- |
| Atli Erlendsson | KFR |
| Einar B. Þorsteinsson | --- |
| Finnbogi Karlsson | Karateskólinn |

**-80 kg:**

| | |
|---|---|
| Víkingur Sigurðsson | Þórshamri |
| Birgir Páll Hjartarsson | Gerplu |
| Einar Karl Karlsson | Breiðablik |
| Sigurjón Gunnsteinsson | KFR |
| Ólafur Hreinsson | --- |
| Konráð Stefánsson | --- |

**+80 kg:**

| | |
|---|---|
| Ævar Þorsteinsson | Breiðablik |
| Magnús Blöndal | Þórshamri |
| Helgi Jóhannesson | Gerplu |
| Ómar Ívarsson | KFR |

**Opinn flokkur:**

| | |
|---|---|
| Finnbogi Karlsson | Karateskólinn |
| Sigþór Markússon | Þórshamri |
| Magnús Blöndal | |
| Svanur Þór Eyþórsson | |
| Ævar Þorsteinsson | Breiðablik |
| Gísli Pálsson | |
| Einar Karl Karlsson | --- |
| Árni Einarsson | KFR |
| Atli Erlendsson | --- |
| Sigurjón Gunnsteinsson | --- |

**Kata karla:**

| | |
|---|---|
| Ágúst Østerby | Selfoss |
| Svanur Þór Eyþórsson | Þórshama |
| Sigþór Markússon | --- |
| Ásmundur Ísak Jónsson | --- |
| Helgi Jóhannesson | Gerpla |
| Sölvi Rafnsson | Baldur |
| Árni Einarsson | KFR |
| Atli Erlendsson | --- |
| Sigurjón Gunnsteinsson | --- |
| Halldór Svavarsson | --- |

**Kata kvenna:**

| | |
|---|---|
| Elín Eva Grímsdóttir | Þórshama |
| Ingibjörg Júlíusdóttir | --- |
| Yasmín Björnsdóttir | --- |
| Rakel Steinarsdóttir | Gerpla |
| Kristín Einarsdóttir | --- |
| Fanney Ásgeirsdóttir | Stjarnan |
| Jónína Olesen | KFR |
| Sigurbjörg Ragnarsdóttir | --- |

**Kata unglinga:**

| | |
|---|---|
| Eyþór Østerby | Selfoss |
| Árni G. Róbertsson | --- |
| Halldór N. Stefánsson | Þórshamar |
| Þórarinn Kristmundsson | --- |
| Magnús F. Guðlaugsson | --- |
| Kolbeinn Stefánsson | --- |
| Magnús Eyjólfsson | Gerpla |
| Finnur Þ. Guðjónsson | --- |
| Kristjana Sigurðardóttir | --- |
| Gísli Helgason | Stjarnan |
| Örlygur Jakobsson Smári | KFR |
| Davíð Sigurþórsson | --- |


**Prentsmiðjan ODDI hf**

HÖFÐABAKKA 7 121 REYKJAVÍK
PÓSTHÓLF 1572 SÍMI 33366


## ÍSLANDSMEISTARAMÓTIÐ Í

# KARATE

23.03.1986



**KARATESAMBAND ÍSLANDS**

# KARATE Á ÍSLANDI

Fyrsta starfsár KAÍ hefur einkennst af miklu og óeigingjörnu brautryðjendastarfi. Enn er KAÍ í mótun hvað varðar allar reglur og starfsvenjur, en samt hefur ýmsu verið á orkað. Sambandið var stofnað 28. feb. 1985. Nokkurum dögum síðar var haldið pressumót, þar sem kepptu landsliðið í karate og pressuliðið. Var um jafna keppni að ræða. Mótið var liður í undirbúningi fyrir landskeppni við Svía 30. mars. Þar tókst Svíum að sigra þótt mjótt væri á munum, enda voru þeir með heimadómara og á heimavelli.
Næst var haldið á EM ´85 í Ósló í maí. Þar var um leið haldið þing Evrópusambandsins og fékk Ísland aukaaðild að því. Á mótinu tóku Íslendingar þátt í kata kvenna og karla og kumite karla í þrem flokkum. Skemmst er frá því að segja að Árni Einarsson stóðsig mjög vel í kata.
Fyrsta Íslandsmeistaramótið í karate var haldið 13. apríl og gekk það ágætlega fyrir sig, en úrslit þess má sjá annarstaðar í mótskránni.
Að loknu sumarleyfum var NM 85 haldið í Reykjavík með þátttöku fjögurra þjóða og 50 manns. Þar varð Jóhannes Karlsson í 2. sæti í -80 kg flokki, Atli Erlendsson 3. í -65 kg flokki, og Stefán Alfreðsson 3. í -70 kg flokki og Árni Einarsson í 3. sæti í kata. Mótið vakti mikla athygli í fjölmiðlum.
Ársþing KAÍ var haldið 24. nóv. Á því var Karl G. Hjaltason kjörinn formaður en Hannes Hilmarsson gaf ekki kost á sér til endurkjörs. Aðrir stjórnarmenn eru Ævar Þorsteinsson, Stefán Alfreðsson, David Haralds og Gestur Skarphéðinsson.
Skömmu síðar var Shotokanmeistaramótið haldið. Þar má segja að Gerpla hafi sigrað enda hlutu þeir flest verðlaun.
Innanfélagsmót Stjörnunnar var haldið í Garðabæ og nokkurum dögum síðar UMSK-mótið. Var þetta UMSK-mót það jafnasta af þeim sem haldin hafa verið.
Haldnar voru tvennar æfingabúðir á haustinu með erlendum þjálfurum. Í október var Ingo de Jong hér á vegum GKSÍ og í nóvember kom Þjóðverjinn Eric Buch og komu báðir aftur í mars á þessu ári.
Í desember hélt Karatefélag Reykjavíkur innanfélagsmót sitt og skömmu síðar kom þjálfarinn Conny Ferm í stutta heimsókn.
Á nýju ári var Atli Erlendsson skipaður landsliðsþjálfari og eru nú haldnar reglulegar landsliðsæfingar en stefnt er á EM í Madríd í maí. Um mánaðarmótin jan-feb hélt GKSÍ æfingabúðir í Njálsbúð í Landeyjum og mæltist það vel fyrir meðal heimamanna.
Þórshamar hélt innanfélagsmót sitt í febrúarbyrjun.
Birt var val Karatemanns ársins en það var Árni Einarsson.
Nokkurir karatekappar voru heiðraðir af bæjarfélögum sínum í Garðabæ og Kópavogi fyrir góða þátttöku í mótum.
Stofnuð voru tvö karatefélög í vetur: Karateskólinn með aðsetur í Reykjavík og Karatedeild UMF Þórs í Þorlákshöfn.
Nú fer fram 2. Íslandsmeistaramótið í karate. Flestir af okkar bestu karatemönnum eru hér saman komnir til keppni og engu við þetta að bæta nema verði ykkur að góðu.


STYRKTARLÍNUR:

STÉTT, Hyrjarhöfða 8. S.686211

OPTIMA, Suðurlandsbraut 10. S.84900

BÍLASMIÐURINN, Lágmúla 7. S.35181

BÍLVANGUR, Höfðabakka 9. S.687300


# Ávarp formanns KAÍ

Velkomin á 2. Íslandsmótið í karate. Karatesambandið er yngsta sérsambandið innan ÍSÍ, en óhætt er að segja það að karateíþróttin á vaxandi fylgi að fagna hérlendis. Ný félög spretta upp um allt land og er þess vart langt að bíða þangað til þau fylla annan tuginn. Karateiðkendur eru nú um 1000. Fjöldi móta eru haldin árlega, en það er ekki langt síðan aðeins voru 1-2 mót á ári. Hápunktur karatelífsins hér innanlands er Íslandsmótið. Þar leiða saman hesta sína bestu karatemenn og konur flestra félaganna. Án efa verður spennandi að fylgjast með keppni í mörgum flokkanna, því ávallt skjótast upp nýjir og efnilegir keppnismenn. Ísland tekur árlega þátt í Norðurlandamótinu í karate og hefur gengi okkar farið batnandi, nú er svo komið að spurningin er ekki lengur hvort við komumst á verðlaunapall heldur hve oft. Síðast fengum við í okkar hlut eitt silfur og þrjú brons á minnisstæðu NM hér í Reykjavík s.l. haust.
Verkefni eru óþrjótandi hér innanlands eins og td. þjálfun dómara, setning reglna, þjálfaranámskeið, útbreiðsla íþróttarinnar og margt fleira. Að þessu verður að vinna markvisst næstu árin þannig að karate öðlist fastann sess í íþróttalífinu hér. Það er aðeins hægt með öflugu starfi stjórnar KAÍ og annarra sem leggja vilja sitt af mörkum í þágu íþróttarinnar.
Að lokum vil ég vona að þið skemmtið ykkur vel á mótinu, við að horfa á drengilega og íþróttamannslega keppni.

Með karatekveðjum,
Karl Gauti Hjaltason formaður KAÍ.

Úrslit síðasta Íslandsmeistaramóts 13. apríl 1985.

Kata unglinga:
1. H. Narfi Stefánsson
2. Maris Jochumsson
3. Kristjana Sigurðardóttir

Kata kvenna:
1. Jónína Olesen
2. Kristín Einarsdóttir
3. A. Marie Stefánsdóttir

Kata karla:
1. Atli Erlendsson
2. Árni Einarsson
3. Karl G. Hjaltason

Kumite kvenna:
1. Jónína Olesen
2. Elín E. Grímsdóttir
3. Sigrún Guðmundsdóttir

Kumite karla:

-65 kg
1. Árni Einarsson
2. Karl Sigurjónsson
3. Vicente Carrasco

-73 kg
1. Atli Erlendsson
2. Sigurjón Gunnsteinsson
3. Bjarni Kristjánsson

-80 kg
1. Jóhannes Karlsson
2. Víkingur Sigurðsson
3. Gísli Klemensson

-80 kg
1. Ævar Þorsteinsson
2. Karl G. Hjaltason
3. Magnús Blöndal

opinn flokkur
1. Ævar Þorsteinsson
2. Atli Erlendsson
3. Árni Einarsson